



Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.
Launrétt 6
806 Selfossi

Dagsetning 11. apríl 2025
Málsnúmer MRN25040121

Undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu.

Vísað er til umsóknar skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, dags. 9. apríl 2025, um áframhaldandi undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu á grundvelli barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Í umsókninni kemur fram að viðræður standi yfir milli skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og Hveragerðisbæjar og sveitarfélagsins Ölfuss um samstarf um barnaverndarþjónustu og að vonir standi til þess að samstarfssamningur verði gerður þar að lútandi. Sú vinna muni ekki klárast áður en nógildandi undanþága renni út. Í umsókninni er jafnframt farið yfir fyrirkomulag þjónustunnar og þá fagþekkingu sem til staðar er. Þá liggja fyrir upplýsingar sem staðfesta að formlegar viðræður standi yfir.

Í 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga er að finna meginregluna um að í umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laganna er heimilt að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna tiltekinna ástæðna og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ráðuneytið leggur áherslu á meginreglu 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga um að í umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar.

Þrátt fyrir að samtal sé hafið milli sveitarfélaganna er ljóst að nógildandi undanþága er að falla úr gildi og ekki unnt að tryggja samfellu í barnaverndarþjónustu verði hún ekki endurnýjuð og telur ráðuneytið því rétt að veita áframhaldandi undanþágu til 15. september 2025.

Ráðuneytið leggur ríka áherslu á að á tímabilinu verði unnið markvisst að því að ganga frá samningi um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu í samræmi við meginreglu 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þá er rétt að fram komi að sækja þarf um undanþágu að nýju fyrir 31. ágúst 2025, takist ekki að ljúka viðræðunum á tilskildum tíma. Sé óskað eftir lengri undanþágu þarf að upplýsa ráðuneytið með reglubundnum hætti um framgang viðræðnanna.

Sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi er hér með veitt undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu, sbr. 3. og 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, til 15. september 2025.

F.h. ráðherra
Anna Tryggvadóttir

F.h. ráðherra
Silja Stefánsdóttir